

Nr. 008 / 14 Samskip Akrafell**Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr.: 9271963
 Smíðaður: Kína 2003, stál
 Fánaríki: Kýpur
 Stærð: 4.450 Gt
 Mesta lengd: 99,99 m
 Breidd: 18,60 m Dýpt: m
 Vél: MAN 4320 kW, 2003
 Fjöldi skipverja: 13



Samskip Akrafell©Hilmar Snorrason

Skipaskr.nr.: 2848
 Smíðaður: Þýskaland 1971, stál
 Stærð: 74,03 Brt
 Mesta lengd: 28,12 m
 Breidd: 4,70 m Dýpt: 2,71 m
 Vél: M.T.U. 1080 kW, 1981
 Fjöldi skipverja:



Ambassador©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Skýrsla skipstjóra
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni


Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 01. febrúar 2014 var Samskip Akrafell að koma til hafnar á Akureyri. Veður: ANA 5-14 m/s. (Veðurstofa, Akureyri kl. 06:00)

Skipið átti að leggjast með bakborðshlið að Vesturbakkanum í Fiskihöfninni og var hafnsögumaður um borð auk þess sem dráttarbáturinn Sleipnir var til aðstoðar. Þegar lagt var af stað áleiðis inn í höfnina voru aðstæður góðar en þegar skipið kom inn í hana á u.þ.b. 2,5 hnúta hraða hafði vindur aukist og orðið hviðótt.

Þegar verið var að snúa skipinu inn í höfninni með aðstoð Sleipnis, fyrst á stjórnborða, var það gert norðarlega en þá var enn framskrið á skipinu. Vindurinn færði það til vesturs, Sleipnir þá færður á bakborðssíðu og bógskrúfa keyrð til stjórnborða.



Þegar skipið nálgast Vesturbakka settu skipverjar upp afturenda til að reyna að stöðva framskriðið en skipið rann fyrir hornið, lenti með skutinn fyrst á skut Ambassadors (*sjá kort*) og síðan á trébyggju norðvestur af Vesturbakka.

Skemmdir urðu á yfirbyggingu á skut Ambassadors (*sjá mynd*) og trébyggju en litlar á Samskip Akrafelli.



Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt skýrslu skipstjóra taldi hann að vindur hefði valdið erfiðleikum við stjórnun skipsins;
- að hafnsögumaður var sammála mati skipstjóra en taldi einnig að skipinu hafi ekki verið bakkað nógu mikið til að stöðva framskriðið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.